**135. löggjafarþing 2007–2008.**
**Þskj. 359 — 95. mál.**

# Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins „álagningargrunn“ í 2. málsl. 3. efnismgr. komi: álagningarstofn.
2. Við 3. gr.
   a. 1. og 2. tölul. 1. efnismgr. orðist svo:
      1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða eftirfarandi hlutföll af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.:
         a. Viðskiptabankar 0,00682%.
         b. Sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki 0,00661%.
      2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,381% af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
   b. Orðin „og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir“ í 5. tölul. 1. efnismgr. falli brott.